


Stigamót



**ÁRSSKÝRSLA**  
**2007**





Stigamót

**ÁRSSKÝRSLA**  
**2007**

## **Stígamót:**

Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík

**Símar:** 562-6868 og 800-6868

**Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði:** 800-5353

**Bréfsími:** 562-6857

**Netfang:** stigamot@stigamot.is

**Vefsíða:** www.stigamot.is

## **Ritstýra:**

Ingibjörg Þórðardóttir

## **Tölfræðileg úrvinnsla:**

Ingibjörg Þórðardóttir

## **Forsíða:**

**Myndataka:** Karla Dögg Karlsdóttir

**Prentun:** Prentmet

## Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 18. starfsári Stígamóta. Bæði er sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfi og hugmyndafræðinni að baki starfinu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta og alnafna núverandi talskonu. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um tölulega samantekt sá Ingibjörg Þórðardóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsriðun pólitískra verkefna.

## Efnisyfirlit

bls.

|                                                                   |           |
|-------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Stofnun og hugmyndafræði</b>                                   | <b>7</b>  |
| <b>Innra starfið</b>                                              | <b>7</b>  |
| Hugmyndafræðin                                                    | 7         |
| Skipulag og starfshópur                                           | 8         |
| Framkvæmdahópur                                                   | 8         |
| Fjárhagslegur grundvöllur starfsins                               | 9         |
| Kristínarsjóður                                                   | 9         |
| Styrkveitingar og viðurkenningar                                  | 9         |
| Hefðbundinn jólaupplestur                                         | 10        |
| Listasýningar í húsnæði Stígamóta                                 | 10        |
| 8. mars                                                           | 11        |
| <b>Sjálfshjálparstarfið</b>                                       | <b>11</b> |
| Einstaklingsmiðuð ráðgjöf                                         | 11        |
| Um sjálfshjálparhópana                                            | 11        |
| Opnir 12 spora fundir                                             | 12        |
| Símaþjónusta                                                      | 12        |
| Þjónusta við konur í vændi                                        | 12        |
| Börn og unglingar                                                 | 12        |
| Sjálfsvarnarnámskeið                                              | 12        |
| Samstarf við Krýsuvíkursamtökin                                   | 13        |
| Stígamót á staðinn                                                | 13        |
| Hringferðin                                                       | 13        |
| Ekkert stoppar Stígamót                                           | 15        |
| <b>Fræðsla og kynning</b>                                         | <b>15</b> |
| Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk                                  | 15        |
| Önnur fræðsla                                                     | 16        |
| Erlendir gestir                                                   | 16        |
| Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum                                  | 16        |
| Karlanærbuxur með áletrun                                         | 17        |
| Samskipti við fjölmiðla                                           | 17        |
| Samskipti við íslensk stjórnvöld                                  | 18        |
| <b>Klámráðstefnu á Íslandi? NEI TAKK!</b>                         | <b>18</b> |
| <b>Alþjóðastarf</b>                                               | <b>20</b> |
| Equality Now                                                      | 20        |
| Samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansal | 20        |
| Norrænar konur gegn ofbeldi                                       | 21        |
| Kvennanefnd sameinuðu þjóðanna                                    | 21        |
| Yakin Etürk umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna...                     | 21        |
| Aðrar erlendar ráðstefnur                                         | 22        |
| Aðrar ráðstefnur, fundir og þverfaglegt samstarf                  | 23        |
| Stígamót að alþjóðasamtök                                         | 24        |
| <b>Tölur</b>                                                      | <b>25</b> |
| Tölulegar upplýsingar                                             | 25        |
| Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður                       | 30        |
| Um ofbeldisverkin                                                 | 33        |
| Kærð mál                                                          | 42        |
| Um ofbeldismenn                                                   | 43        |

# Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



Stígamót, Hverfisgötu 115

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum.

Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Innra starfið

### Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða

hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólki sem leitar til Stígamóta séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsskvanna og þeirra sem leita aðstoðar. Þessar hugmyndir er leitast við að endurspegla í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

## Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfsskvanna aukist á síðustu árum.

Starfskonur Stígamóta eru 7 talsins. Breytingar urðu á starfslíði Stígamóta á árinu. Guðný Hafliðadóttir lét af störfum í byrjun janúar. Þá voru ráðnar þær Thelma Ásdísardóttir og Ingibjörg Þórðardóttir. Thelma er sennilega flestum kunn eftir að hafa eftirminnilega gefið út bók um reynslu sína af kynferðislegu ofbeldi auk þess sem hún hefur langa reynslu af feminísku starfi og hefur stýrt sjálfshjálparhópum á Stígamótum til margra ára. Hún hóf störf 15. febrúar. Ingibjörg kom í upphafi árs til Stígamóta í starfsnám sem nemi á 4. ári í félagsráðgjöf og útskrifaðist hún sem félagsráðgjafi í júní. Hún hóf störf formlega 1. maí.



Starfshópur og framkvæmdahópur á árs hátíð 2007

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri konur komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópana og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.

Það er mikilvægt í hverjum starfshópi að styrkja hópinn og heildina og því gerðu starfskonur ýmislegt skemmtilegt saman. Árs hátíð starfsskvanna var haldin þann 30. apríl í heimahúsi með glensi og gleði sem meðal annars fólst í því að starfskonur elduðu sjálfar og sáu um skemmtiatriðin. Jólakvöld Stígamóta var haldið 23. nóvember og var líka í heimahúsi þar sem starfskonur elduðu í sameiningu, fengu til sín frábær skemmtiatriði og áttu saman gleðilega stund. Þá var haldinn vinnufundur á Sólheimum í Grímsnesi dagana 4.-5. september þar sem farið var yfir mikilvæg málefni og stilltir saman strengir.

## Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfsskvanna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Kristbjörg Kristjánsdóttir sem kom inn í stað Díönu Sigurðardóttur í byrjun árs, Guðrún Jónsdóttir (Rúna), Margrét Steinarsdóttir, Thelma Ásdísardóttir, Oddný Lára Eiríksdóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Varakonur í framkvæmdahópi voru Kolbrún Erna Pétursdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

## Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót hafa gert þjónustusamning við Reykjavíkurborg þar sem skilgreind er sú þjónusta sem borgin kaupir af Stígamótum. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Gerður var þjónustusamningur við Hafnarfjörð fyrir árið 2007, til eins árs. Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög. Heildartekjur Stígamóta námu tæplega 53,5 milljónum og útgjöld námu tæplega 51 milljón. Allar nánari upplýsingar um fjárhag Stígamóta má fá í ársreikningi.

## Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonur. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn. Stærst var gjöf Zontakvenna sem seldu 8000 rósanætur árið 2003 og söfnuðu þannig 3 milljónum króna. Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Það hefur marg oft sýnt sig að sjóðurinn hefur virkilega komið að gagni fyrir okkar konur á ögurstundum en frá því verður ekki greint nánar.

## Styrkveitingar og viðurkenningar

Það er alltaf hvatning fyrir starfið okkar á Stígamótum þegar við og okkar fólk fáum viðurkenningu á því starfi sem hefur verið unnið í málaflokknum okkar. Árið 2007 var margt sem hvatti okkur áfram í baráttunni.

Þann 1. janúar 2007 hlaut Dr. Guðrún Jónsdóttir, eldri, stofnandi Stígamóta og fyrrum starfskona fálkaorðuna. 11. apríl var úthlutað úr „Leggðu góðu málefni lið“ sem er verkefni Landsbankans og voru Stígamót ein af þeim félagasamtökum sem fengu úthlutun þaðan.

Karlahópur Feministafélags Íslands, Jafningjafræðslan og V-dagssamtökin héldu baráttutónleika gegn kynbundnu ofbeldi 1. ágúst sem. Allur ágóði tónleikanna, um 100.000 krónur, rann óskiptur til Stígamóta og var afhentur í húsakynnum Stígamóta þann 9. ágúst.

Fyrrverandi áhöfn á Engey RE1 gaf Stígamótum allan starfsmannasjóð sinn eftir að skipið var selt úr landi og starfsmannafélagið leyst upp. Um var að ræða rúmlega hálfa milljón króna. Stuðningur frá karlahópum er merki þess að kynferðisofbeldi er ekki lengur eingöngu í höndum kvenna heldur er allt samfélagið að taka ábyrgð og er sú þróun jákvæð og vekur bjartsýni.

Þann 31. maí síðastliðinn varð Þorgerður Einarsdóttir, dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands, fimmtug. Í tilefni afmælisins benti hún gestum sínum á Stígamót í stað afmælisgjafa. Þannig söfnuðust tæpar 400.000 krónur til styrktar starfinu og þökkum við Þorgerði og gestum hennar ómetanlegan hlýhug.



Þorgerður Einarsdóttir



Atli Gíslason, þingmaður

Þann 12. ágúst varð Atli Gíslason, þingmaður, sextugur og benti hann gestum sínum einnig á Stígamót í stað afmælisgjafa. Af því tilefni safnaðist rúmlega hálf milljón króna og þökkum við Atla og gestum hans fyrir hlýjan hug.

Um leið og við þökkum þessar gjafir komum við því á framfæri að slíkur hlýhugur sem starfi okkar er sýndur með þeim hætti sem þorgerður og Atli gerðu, verður seint metinn til fjár. Skilaboðin sem felast í óskum þeirra eru okkur mikil hvatning og eflir okkur í baráttunni.

Í janúar síðastliðinn var Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, valinn ljósberi ársins 2007. Ljósberinn hefur verið valinn árlega undanfarin ár og er það þverfaglegur samstarfshópur kvenna sem vinna í ýmsum greinum tengdum mannlegum samskiptum sem tilnefna ljósbera. Guðrúnu var veitt viðurkenningin fyrir „ötula vinnu gegn kynferðisofbeldi, klámvæðingu og að eiga frumkvæði að afboðun fjölþjóðlegrar samkomu á Íslandi um klám“. Þessi viðurkenning er enn ein staðfestingin á því hversu mikilvægt starf er unnið á Stígamótum.

Þegar við förum í hringferð okkar um landið á vordögum voru ýmsir aðilar sem styrktu okkur sérstaklega. Kaupþing styrkti verkefnið um 100.000 kr., BSRB um 250.000 kr., Kennarasamband Íslands um 390.000 kr., Efling stéttafélag um 150.000 kr., Samiðn, samband iðnfélaga, um 50.000 kr., Straumur-Burðarás um 50.000 kr., ASÍ um 300.000 kr. Og BHM um 20.000 kr. Við þökkum innilega fyrir svo rausnarlega styrki og hlýjan hug.

Þá voru ýmis félagasamtök og stofnanir sem styrktu starfseminu á árinu og má þar til dæmis nefna Hjálparstarf kirkjunnar, Ljósmeðrafélag Íslands og Feministafélag Íslands. Þar að auki voru margir einstaklingar sem sýndu okkur hlýhug og veittu styrki. Við þökkum öllum þeim sem styrktu okkur á árinu fyrir hvatninguna sem einnig felst í slíkum gjöfum, stórum jafnt sem smáum.

Á árinu hófst einnig undirbúningur fyrir væntanlega söfnun Zonta kvenna fyrir Stígamót og voru af því tilefni haldnir nokkrir fundir.

## Hefðbundinn jólaupplestur var haldinn 8. desember

Að venju áttu vinkonur og velunnarar Stígamóta notalega stund saman í byrjun desember með heitu súkkulaði og smákökum. Eins og áður komu til okkar frábærar konur og lásu úr verkum sínum. Þórunn E. Valdimarsdóttir las fyrir okkur úr bók sinni, Kalt er annars blóð. Kristín Marja Baldursdóttir las úr bók sinni, Óreiða á striga. Sigurbjörg Þrastardóttir las úr ljóðabók sinni, Blysfarir. Ingibjörg Haraldsdóttir las úr bók sinni, Veruleiki draumanna. Þá las Kristín Ómarsdóttir rithöfundur upp úr Bibí, bók Vigdísar Grímsdóttur.

## Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Eftir að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 hefur komist á samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér að taka herbergi í ársföstur. Þannig hafa sjö listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Það eru þær Sara Vilbergisdóttir, Rut Rebekka Sigurjónsdóttir, Halldóra

Halldórsdóttir, Ásdís Pálsdóttir, Björg Atla, Helga Birgisdóttir (Gegga) og Anna Sigríður Gunnlaugsdóttir. Listaverkin hafa átt mikilvægan þátt í að skapa fallett og frjótt umhverfi fyrir starfseminu og eiga listakonurnar heiður og þakkir skilið fyrir framlag sitt til starfsins.

## 8. mars

8. mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna og á þeim degi árið 1990 voru Stígamót stofnuð. 17 ára afmælið var óhefðbundið að því leyti að af óviðráðanlegum orsökum var ekki hægt að birta ársskýrsluna þá eins og venja er. Dagurinn var því rólegur framan af en eftir hádegjið var opið hús þar sem boðið var uppá vöffur og heitt súkkulaði. Seinni partinn var svo opnuð listasýning þar sem listakonur ársins hittust ásamt starfskonum og framkvæmdahópi Stígamóta. Þá bárust okkur blóm, kveður og gjafir frá Stígamótafólki og velunnurum.

Ársskýrslan var svo birt 21. maí með mikilli fjölmiðlaumræðu eins og fyrr.



Ingibjörg, Júlíus og Tjara á afmæli Stígamóta

## Sjálfshjálparstarfið

### Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Árið 2007 voru veitt 1899 einstaklingsviðtöl hjá Stígamótum.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og í gegnum tölvupóst.

### Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sifjaspellum og nauðgunum, einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Tveir karlahópar voru á árinu og var þeim nú, í fyrsta skipti, leiðbeint af karli. Reynsan af hópastarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma brotapolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sifjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana og árið 2007 bættist fyrsti karlinn í hópinn. Leiðbeinendur ár árinu voru þau Ingibjörg Þórðardóttir, Thelma Ásdísardóttir, Júlíus Freyr Theodórsson, Karla Dögg Karlsdóttir og Sigríður B. Sigurðardóttir. Alls voru starfræktir 8 sjálfshjálparhópar á árinu.

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Í ár var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 21. – 23. september að Sólheimum í Grímsnesi og alls voru 20 þátttakendur. Í ár voru það eingöngu konur sem

tóku þátt. Þáttakendur komu víða að, frá Vopnafirði, Ísafirði, Akureyri og Reykjavík og var stemmingin mjög góð og skemmtileg. Fyrri daginn skiptum við okkur uppí hóp og ræddum ýmis umræðuefni hópanna svo sem reiði, sorg, sjálfsvíg, barnið, skömm og fleira. Seinni daginn var hún Halldóra Halldórsdóttir, starfskona, með spennandi verkefni handa hópnum að vinna og læra af. Ekki var betur hægt að sjá en að allar væru ánægðar eftir helgina og fengum við fjölda góðra umsagna frá þátttakendum.

## Opnir 12 spora fundir

Hópur reyndra Stígamótakvenna endurvakti 12 spora fundina árið 2004 og vann mikla hugmyndavinnu fyrir 12 spora kerfið. Á árinu voru haldnir 52 tólf spora fundir og skráð var 261 koma á þá eða ríflega 5 konur á hvern fund. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólki sem býið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta. Fundirnir eru algjörlega á ábyrgð þeirra sem mæta hverju sinni og má segja að þessi starfsemi sé nýtt og mikilvægt haldreipi í sjálfsstyrkingu og stuðningi við það Stígamotafólk sem þegar hefur nýtt önnur úrræði.

## Símaþjónusta

Því miður er ekki til nákvæm tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símaþjónustu sem starfskonur Stígamóta veita en að jafnaði eru mörg stuðningssímtöl á dag alla virka daga ársins. Það má fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér eðlilega mikið þessa leið.

## Þjónusta við konur í vandi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vandi er. Nokkuð var gert á síðasta ári til þess að komast í samband við þær konur sem kynnu að þurfa á aðstoð að halda. Um er að ræða þróunarvinnu sem tekur langan tíma. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

## Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

## Sjálfsvarnarnámskeið

Reynir hjá Sjálfsvarnarskóla Íslands bauð upp á nokkur sjálfsvarnarnámskeið á árinu og hugmyndafræði sjálfsvarnar gegn nauðgunum fyrir Stígamótakonur og voru þau haldin í húsakynnum Stígamóta.

## Samstarf Stígamóta og Krýsuvíkursamtakanna

Frá því í október 2004 hafa þær Thelma Ásdísardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir séð um vikulega ráðgjöf fyrir það fólk sem hefur verið í vímuefna meðferð hjá Krýsuvíkursamtökunum og hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Krýsuvíkursamtökin sjá um að greiða ráðgjöfunum fyrir þessa vinnu. Jafnframt sjá þær stöllur um reglulega fræðslu fyrir heimilisfólk og starfsfólk. Að lokinni meðferð í Krýsuvík er fólk síðan boðin þjónusta Stígamóta og hafa margir nýtt sér það tilboð. Árið 2007 nýttu 24 einstaklingar sér þjónustuna í Krýsuvík, 10 konur og 14 karlar. Alls voru tekin þar 87 viðtöl.

### Stígamót á staðinn

Árið 2006 var samþykkt tilraunaverkefni á Austfjörðum í þrjá mánuði. Um var að ræða samstarfsverkefni Stígamóta, Fljótshálsbæjar og Fjarðabyggðar.



Björg G. Gísladóttir á kynningarfundum á austfjörðum.

Verkefnið hófst svo í janúar 2007 með því að Guðrún Jónsdóttir og Björg G. Gísladóttir, starfskonur, fóru austur 25.-26. janúar þar sem þær héldu kynningarfundum fyrir íbúa svæðisins. Haldinn var þverfaglegur fundur með fagfólki, fundur fyrir bæði starfsfólk og nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskólanum í Neskaupsstað, fundur með Félagsþjónustunni og opinn fundur á Egilsstöðum fyrir alla. Þar að auki var verkefnið kynnt í svæðisfjölmíðlum og í ríkissjónvarpinu.

Í framhaldi af þessari kynningu fór svo Björg austur á Egilsstaði með þjónustu. Í upphafi var ætlunin að Björg kæmi þangað einn dag hálfsmánaðarlega en það varð ljóst áður en verkefnið hófst að það myndi ekki duga til að anna eftirspurn. Það varð því úr að frá febrúar til maí fór Björg vikulega og bauð uppá ráðgjafarviðtöl á staðnum. Þetta úrræði nýttist íbúum á svæðinu mjög vel og þær konur sem nýttu það voru ánægðar með að geta fengið þjónustuna í heimabyggð.

Þar sem verkefnið hafði gengið svo vel, var fljótt ákveðið að halda áfram með það aftur um haustið. Þann 1. nóvember síðastliðinn hófst verkefnið svo að nýju og tók Ingibjörg Þórðardóttir, starfskona, við því að fara austur á Egilsstaði einn dag hálfsmánaðarlega og stendur það enn. Sú breyting var gerð á þjónustunni að auk einstaklingsviðtala var nú boðið uppá lokaðan sjálfshjálparhóp. Hann er í fullum gangi og er óhætt að segja að þjónustan hafi haldið áfram að nýtast heimafólki vel.

### Hringferðin

Þar sem samstarfsverkefni Stígamóta, Fljótshálsbæjar og Fjarðabyggðar gekk vonum framár þótti spennandi að kynna verkefnið víðar um landið. Í þeim tilgangi lagði galvaskt Stígamótafólk upp í hringferð um landið á rútú. Tekin var á leigu rútú og hún skreytt með kjörórðunum; lífsgæði, gleði, hamingja, orka, hlátur og kraftur, sem undirstrikar nýjar áherslur í starfi Stígamóta. Bílstýra í ferðinni var hún Þórunn okkar Þórarinsdóttir og sá hún til þess að við kæmumst klakklaust milli staða. Þá voru tveir litlir bílar með í för og voru þeir skreyttir með merki Stígamóta. Alls tóku um 20 konur og karlar þátt í ferðalaginu, sum allan tímann og önnur hluta af ferðinni.

Um leið og hringferðin var kynning á verkefninu „Stígamót á staðinn“ var hún líka „sjálfshjálparhópur á hjólum“ því hver og ein(n) sem fór í ferðina hafði sett sér persónuleg markmið um að teygja mörkin sín.


Allir tókust á við eitthvað nýtt, hvort sem það var að lesa ljóð, stýra fundi, tala fyrir framan hópinn eða keyra háa fjallvegi og tóku eigin áskorunum.

Ferðin var farin 29. maí – 3. júní og var stoppað á níu stöðum á landinu þar sem haldnir voru opnir kynningarfundir. Fyrsti fundur ferðarinnar var haldin í Borgarnesi í hádeginu 29. maí. Bæjarstjórinn, Páll S. Brynjarsson opnaði fundinn. Um kvöldið var svo fundur á Grundarfirði þar sem hópurinn gisti eftir spennandi upphaf ferðalagsins. 30. maí var ferðinni fyrst heitið til Hvammstanga og haldinn var hádegisfundur þar. Þaðan var stefnan tekin á Sauðárkrók og fundur haldinn þar um kvöldið og þar var líka næsti næturstaður ferðalanga. 31. maí var hádegisfundur á Dalvík þar sem Bjarnveig Ingvadóttir, forseti bæjarstjórnar, opnaði fundinn. Kvöldfundur þann dag var haldin á Húsavík og var gíst þar um nóttina. 1. júní var svo förrinni heitið á Vopnafjörð og var haldinn fundur þar seinni part dags og opnaði Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, fundinn. Þar var einnig gíst. 2. júní var fundur á Höfn seinni part dags og var gíst þar síðustu nóttina. Síðasti fundurinn var svo seinni part dags 3. júní á Selfossi og þar opnaði bæjarstjóri Árborgar, Ragnheiður Hergeirsdóttir, fundinn.



Þórunn Þórarinsdóttir, bílstýran.

Hver einasti fundur var einstakur þó alltaf hafi skilaboðin verið þau sömu. Allir ferðalangar tóku á einn eða annan hátt í fundarhöldunum og samvinnan var frábær. Á hverjum fundi steig Stígamótafólk fram og sagði sögu sína, las ljóð eða sögu.



Karla Dögg Karlsdóttir með gjörning

Thelma las úr bókinni sinni, Myndin af pabba, á nokkrum fundum og fyrsti Stígamótastrákurinn steig fram opinberlega. Inga Kjartansdóttir las frumsamið ljóð og þó nokkrir stigu fram í fyrsta skiptið og sagði sögu sína og aðrir sögðu frá á sínum uppvaxtarslóðum og þar sem ofbeldið var framið. Þá fengum við óvæntan söng á Dalvík þar sem gestur á fundinum stóð upp og söng fyrir okkur lagið „Sister“ úr kvikmyndinni „Color Purple“. Þá var Karla Dögg með gjörning á nokkrum fundum, gjörning sem lýsir krafti Stígamótafólks vel og sýnir að hvar og hvenær sem er, er hægt að sækja kraftinn sinn.

Alls staðar var vel tekið á móti okkur og vel mætt á fundi á hverjum stað, bæði fagfólk og ekki síst fólk sem hefur nýtt eða óskar eftir þjónustu Stígamóta. Nokkrar konur frá Aflinu á Akureyri lögðu land undir fót og komu til okkar á fundi bæði á Sauðárkróki, Dalvík og Húsavík.

Sérstakar móttökur fengum við þó á Vopnafirði þar sem við mættum beint í Handverkshúsið, í kaffi og dýrindis kökur. Þar var vel mætt á fundinn og Stígamótakonur á Vopnafirði gáfu Stígamótum gjöf sem búin var til af heimakonu. Hópurinn átti svo frábærar stundir með Stígamótakonum staðarins um kvöldið. Öllum hópnum var boðið í siglingu um fjörðinn í fallegu vorveðri, farið var út að borða á Hótelinu um kvöldið þar sem boðið var upp á fyrsta flokks veislumat. Eftir kvöldmatinn fórum við saman í rútu út fyrir bæinn og nutum náttúrunnar og vorsins við varðeld.

Á Selfossi var dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta, heiðruð. Þar fór hún yfir sögu og stofnun Stígamóta. Á þann fund fjölmenntu líka okkar konur af höfuðborgarsvæðinu og var fundurinn góður endapunktur á hreint út sagt stórkostlegri ferð.

Þessi ferð um landið verður öllum þátttakendum eftirminnileg og hún sýndi og sannað enn eina ferðina að **ekkert stoppar Stígamót...**



Dr. Guðrún Jónsdóttir og Karla

## Ekkert stoppar Stígamót!

Framkvæmdir eins og hringferðin okkar eru mikilvæg atvik í sögu Stígamóta og þess vegna var ákveðið að taka ferðalagið upp og búa til heimildamynd. Tilgangur myndarinnar var líka að reyna að fanga á filmu þessar áherslur sem lagt var upp með; kraftur, gleði, lífsgæði, hamingja, orka og hlátur. Það tókst mjög vel og hefur myndin þegar vakið athygli meðal samstarfsfélaga okkar annars staðar á Norðurlöndunum.



Þórunn afhendir Kristbjörgu, leikstýru og Elísabetu Rónalds, klippara, gjafir á frumsýningu Stígamótamyndarinnar.

Leikstýra myndarinnar var Kristbjörg Kristjánsdóttir og voru hún og Gunnar myndatökumaður með myndavélina á lofti alla ferðina. Elísbet Rónalds klippti svo myndina. Úr þessu varð tæplega 20 mínútna heimildamynd um ferðina og kraftinn sem einkennir Stígamótafólk. Myndin fékk svo nafnið „Ekkert stoppar Stígamót“ og er það lýsandi fyrir hugarfar starfseminnar. Myndin var frumsýnd í endanlegri mynd fyrir rútufólk og nánustu aðstandendur Stígamóta í MÍR salnum þann 31. október. Þar var henni ákaflega vel tekið og andrúmsloft ferðarinnar komst vel til skila. Myndin var líka sýnd á norrænni ráðstefnu á Grænlandi í september.

## Fræðsla og kynning

Annað af tveimur meginmarkmiðum Stígamóta er fræðsla og vitundarvakning um kynbundið ofbeldi. Að venju fór hún fram með ýmsum hætti og verður hér stiklað á stóru. Þess má geta að Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, sér um fræðslumálin.

### Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk

Eitt af því mikilvægara sem við gerum á Stígamótum er að ná til ungs fólks í skólum landsins. Síðastliðið ár voru margir nemar, bæði í framhaldsskólum og háskólum sem óskuðu eftir fræðslu frá Stígamótum. Það er athyglisvert að þegar nemendur sjálfir ráða dagskránni er mjög oft óskað eftir að Stígamót mæti á staðinn. Farið var á forvarnardaga Verzlunarskólans 31. janúar og fræðsluerindi haldið þar í tvígang. Þann 23. febrúar var fræðsla í Borgarholtsskóla og 13. nóvember komu nemar í sorg og áfallaviðbrögðum úr Borgarholtsskóla í heimsókn á Stígamót. 26. apríl var fræðsla fyrir nemendur í þroskasálfræði í MK og annað erindi var haldið fyrir fullum sal á tyllidögum MK 9. október. 16. febrúar komu nemar frá Menntaskólanum á Akureyri í heimsókn á Stígamót. Nemar á 4. ári í félagsráðgjöf komu í tveimur hópum 4. september í heimsókn og fræðslu og 16. febrúar kom félagsráðgjafarnemi ásamt félagsráðgjöfum frá kvennadeild Landspítalans í spjall. 17. september komu nemendur frá Fjölbrautarskólanum í Ármúla í fræðslu á Stígamótum. 25. október komu svo nemendur í afbrotufræði frá Fjölbrautarskólanum á Suðurnesjum í árlega heimsókn með kennara sínum Þórunni Friðriksdóttur. Kynjafræðinemar frá HÍ komu í heimsókn í tveimur hópum þann 30. október. Þá komu sálfræðinemar í HÍ í vísindaferð til okkar 9. febrúar. Þann 26. september fór Ingibjörg svo í heimsókn í Dalshús í Kópavogi og var með fræðslu fyrir unglinga sem þar dvöldu. Svala Ólafsdóttir kennari við HR kom í heimsókn 20. september með 30 lögfræðinema og tók Thelma á móti þeim.

16. nóvember fór talskona Stígamóta með mikilli ánægju með erindi í Lögregluskólann. Það er sérlega mikilvægt að gott samstarf sé á milli Stígamóta og lögreglu og vonandi var þessi heimsókn byrjunin á frekara samstarfi.

Fræðsla til fagstétta sem vinna með börnum er ekki síður mikilvæg og í grunnskólum er nauðsynlegt að kennarar og starfsfólk hafi þekkingu á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess. Snælandsskóli óskaði eftir fræðslu fyrir sitt starfsfólk og 14. febrúar fór Guðrún með erindi fyrir 46 kennara og starfsmenn. Þá fór hún í Kársnesskóla 18. apríl og hélt erindi fyrir starfslið og kennara.

Eins og fyrri ár var mikið um að nemar á háskólastigi óskuðu eftir fræðslu vegna verkefna og má þar nefna nema úr Háskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Nemarnir koma úr ýmsum deildum skólanna, meðal annars hjúkrun, kennaranámi, þroskajálfnámi, sálfræði, félagsráðgjöf, fjölmiðlafræði og svo mætti lengi telja. Einnig leituðu nemar á framhaldsskólastigi til Stígamóta vegna verkefna. Þá leituðu til okkar nemar úr erlendum háskólum, sérstaklega vegna mansalsmála.

## Önnur fræðsla

Stígamót reyna að bregðast við öllum óskum við fræðslu. Guðrún Jónsdóttir fór 26. mars á Sólheima í Grímsnesi og var þar með stutt námskeið fyrir allt starfsfólk Sólheima þar sem lögð voru drög að þeirri vinnu sem vinna þyrfti til þess að þjónusta við heimilisfólk yrði eins og best verður á kosið. Þann 28. mars fór hún svo til Vestmannaeyja og var þar með fræðslu meðal annars vegna sjálfshjálparhópa. Af því tilefni fór hún í viðtöl við svæðisfjölmiðla til þess að kynna rækilega þá þjónustu sem boðið er upp á í Eyjum. Þann 8. maí kom svo Sérsvéit Hins hússins í heimsókn á Stígamót og 7. júní kom Jafningjafræðsla Hins hússins. Viktoría frá Aflinu á Akureyri kom 22. maí og varði einum degi á Stígamótum þar sem Ingibjörg og Thelma fóru með henni yfir bæði einstaklinsvinnuna og hópastarfið á Stígamótum. Í lok júlí kom karlahópur feministafélagsins í heimsókn í tilefni af átaki þeirra yfir útihátíðirnar og voru Ingibjörg og Thelma með fræðslu ásamt Eyrúnu frá Neyðarmóttökunni. Þá kom Pála frá Rauða krossinum og fræddist um mansal þann 16. ágúst vegna skýrslu um mansal. 24. október komu svo Ásgerður Kjartansdóttir, Inga okkar Kjartansdóttir og fleiri Soroptimistakonur á Stígamót til þess að fá fræðslu vegna alþjóðlegra verkefna um mansal. Þá fór Thelma á Ísafjörð helgina 25. – 26. maí til að deila þekkingu Stígamóta á hópastarfi með Sólstafakonum. Það gekk mjög vel, enda mikill kraftur og áhugi á Ísafirði.

Að lokum skal þess getið að gerður var nýr fræðslubæklingur um Stígamót til dreifingar á stofnanir og til notkunar í rútuferðinni og er hægt að nálgast hann hjá Stígamótum.

## Erlendir gestir

Ýmsir erlendir gestir heimsóttu Stígamót. Þar má nefna þrjár starfskonur frá Celene kollektivet sem er meðferðarheimili í Svíþjóð fyrir konur sem eru félagslega illa staddar. Berglind Eyjólfsdóttir og fleiri lögreglukonur komu í heimsókn með danska lögreglukonu að nafni Ingrid sem vildi kynna sér starf Stígamóta. Incestsentret í Vestfold í Noregi kom í heimsókn, starfsfólkið 22. ágúst og stjórnin 28. ágúst Sex gestir frá Ráðgivningskontoret for kriminalitetsofre í Noregi komu 16.nóvember. Kristiina Luth sérfræðingur Eistnesku ríkisstjórnarinnar frá Eistlandi og samstarfsaðili Stígamóta í mörg ár kom í námsferð til Íslands og heimsótti þá Stígamót þann 22. nóvember. Sama dag kom stór sendinefnd frá Kína á vegum Umboðsmanns barna til þess að kynna sér starfsemina.

## Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Sú venja hefur skapast á undanförunum árum að bjóða til Stígamóta því lykilmálki sem ástæða hefur þótt að ná sambandi við. Þá er starfsemin kynnt litillega, boðið uppá kaffi og með því og síðan rætt sérstaklega um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Undantekningalaust hafa slík boð skilað auknum skilningi og bættu samstarfi.

Þann 17. apríl kom Stefán Eiríksson, nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í eftirmiðdagskaffi til okkar. Þá var fjallað um mikilvægi þess að gott samstarf sé milli Stígamóta og lögreglu með sérstakri áherslu á vændi og mansalsmál.



Stefán Eiríksson, lögreglustjóri



Guðlaugur Þór Þórðarson og Hanna Katrín Friðriksdóttir

6. september þáði Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra boð Stígmóta um eftirmiðdagskaffi ásamt Hönnu Katrínu Friðriksdóttur aðstoðarmanni sínum. Umræðan að þessu sinni snérist einkum um ábyrgð heilbrigðisstétta þegar kemur að kynferðisofbeldi. Rætt var um hvernig tryggja megi að ofbeldi sé eitt af þeim atriðum sem alltaf eru á dagskrá heilbrigðisstarfsfólks. Einnig voru viðkvæm mál rædd.

Þann 24. október kom svo Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra með fylgdarliði í eftirmiðdagskaffi þar sem starfsemi Stígamóta var kynnt. Jafnframt voru lagðar fram hugmyndir um þær lagabreytingar sem Stígamót leggja mesta áherslu á. Má þar nefna vændisfrumvarpið sem gerir ráð fyrir að kaup á vændi verði refsiverð og að enn hefur ekki verið lögfest að vísa megi ofbeldismönnum af íslenskum heimilum. Bent var á að Stígamót óska eftir að geta ráðið manneskju til þess að sinna sérstaklega fræðslu og ráðgjöf fyrir fatlaða og þá sem vinna með fötluðum. Jafnframt var stungið upp á því að Félagsmálaráðherra tæki yfir málaflokk um mansal þar sem mörg af þeim verkefnum sem þarf að vinna heyra undir ráðuneytið. Minnt var á að íslenska ríkisstjórnin skuldbatt sig til þess að gera aðgerðaáætlun gegn mansali fyrir árslok 2005 og að enn bóli ekki á henni.



Jóhanna Sigurðardóttir og Þorgerður Benediksdóttir.

## Karlanærbuxur með áletrun

Stígamót framleiddu í tengslum við ráðstefnuna „Frá konum til karla“, sem haldin var árið 2006, fallegar svartar karlanærbuxur með silfuráletruninni „Ég tek ábyrgð“ og merki Stígamóta. Nærbuxurnar voru hugsaðar sem upplögð jólagjöf en einnig sígild gjöf til ábyrgra karla á öllum aldri. Þessar nærbuxur hafa nú verið framleiddar aftur og þær er hægt að kaupa hjá Stígamótum. Nærbuxurnar vöktu mikla hrifningu og ábyrgir karlar um land allt skarta nú Stígamótanærbuxum.

## Samskipti við fjölmiðla

Að venju var leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla. Engir samstarfsaðilar eru mikilvægari þegar kemur að fræðslu og vitundarvakningu í samfélaginu. Fjölmiðlar hafa á undanförunum árum sýnt aukinn skilning á málaflokknum og Stígamót voru til umræðu á öllum fjölmiðlum í ólíku samhengi. Má þar meðal annars nefna að rætt var við talskonu Stígamóta í tveimur þáttum Kompás. Þá var viðtal við talskonu okkar í útvarpsþætti um mansal auk þess sem hún kom fram í sjónvarpsþætti í Ríkissjónvarpinu, einnig um

mansal. Hádegisviðtalið á Stöð 2 var tvisvar við talskonu Stígamóta og oft voru styttri viðtöl á Bylgjunni um það sem var efst á baugi hverju sinni. Þetta eru nokkur dæmi um hvernig ljósvakamiðlar voru mikilvægir aðilar í umræðunni á síðastliðnu ári en þá eru ótalin mörg viðtöl við dagblöð, tímarit og fleira.

## Samskipti við íslensk stjórnvöld

Mikilvægur þáttur í samfélagsvinnu Stígamóta er samstarf við stjórnmalafólk. Þau samskipti fara fram með ýmsum hætti. Umsagnir voru skrifaðar um frumvörp sem fram komu innan okkar málaflokks. Að venju var fjárveitingarnefnd heimsótt til þess að fylgja eftir fjárhagsáætlun. Bæði heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra þáðu boð í eftirmiðdagskaffi og einstakir þingmenn höfðu samband vegna málatilbúnaðar. Haldnir voru nokkrir fundir með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar vegna þjónustusamnings og varð niðurstaðan eins árs samningur Hafnarfjarðar og Stígamóta. Að ósk Samfylkingarinnar og Vinstri grænna mættu fulltrúar Stígamóta á fund með borgarfulltrúum og lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins þann 9. febrúar. Umræðuefni fundarins var klám í borginni og möguleg viðbrögð við því. Kvinnahreyfinginn bauð fulltrúum stjórnmalaflokkanna á fund 21. febrúar undir yfyrskriftinni „Stefnumót við Stjórnmalaflokkanna“ og þar var Guðrún Jónsdóttir með innlegg í umræðuna. 16. mars var fundur með stjórnmalafólki vegna vændisfrumvarpsins og möguleika á að leggja það fram fyrir þinglok. Carol van Voorst sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi bauð Guðrúnu Jónsdóttur í kaffiboð og spjall síðdegis á Kvinnadaginn, 19. júní, í sendiherrabústaðnum. Þá kom Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona, í heimsókn þann 31. ágúst til þess að fara yfir óskir Stígamóta um þingmál vetrarins.

## Klámráðstefnu á Íslandi? NEI TAKK!!

Dagana 7. – 11. mars á síðasta ári stóð til að halda á Íslandi kaupstefnu klámiðnaðarins. Til stóð að hingað til lands kæmu allt að 150 erlendir framleiðendur í klámiðnaðinum. Þegar starfskonur Stígamóta fengu upplýsingar um þessa áætlun varð þeim þegar ljóst að þær gætu ekki setið aðgerðalaugar. Heilan dag sátu konurnar á Stígamótum og kynntu sér hvað það var sem til stóð að hópurinn gerði á Íslandi og hverjir væru í þessum hópi. Af því sem fram kom á heimasíðu “Snow Gathering”, eins og kaupstefnan var kölluð, var ljóst að hingað voru að koma aðilar sem framleiða efni sem ekki er löglegt á Íslandi og að hingað ætluðu þeir til þess að skiptast á viðskiptaupplýsingum. Það kom líka fram í viðtali við einn af skipuleggjendum að til stóð að framleiða, selja og dreifa klámi meðan á dvölinni stæði, sem er bannað samkvæmt íslenskum lögum. Það er því ekki um að villast að um viðskiptatengdan atburð var að ræða.

Þar sem Stígamót hafa alltaf barist gegn kynferðislegu ofbeldi, í hvaða mynd sem það kann að birtast, var ljóst að við slíkum viðburði þyrfti að bregðast.

Það eru ekki allir sammála um hvort klám á eitthvað skylt við kynferðisofbeldi en reynsla okkar á Stígamótum og annarra kvennasamtaka í heiminum hefur kennt okkur að klám þrífst ekki án vændis og mansals. Því er ekki hægt að slíta klám úr samhengi við kynferðislegt ofbeldi. Þar af leiðandi tóku Stígamót skýra afstöðu um málið og lýstu því yfir að þau mótmæltu fyrirhugaðri kaupstefnu og sendu frá sér eftirfarandi bréf til þingmanna, borgarfulltrúa, lögreglunnar og fjölmiðla:

*Til ríkisstjórnar Íslands, þingheims, borgarstjórnar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og ríkislögreglustjóra  
Frá Stígamótum*

*Virðulegu stjórnendur þessa lands.*

*Stígamót vilja vekja athygli ykkar á óvenjulegri kaupstefnu sem áætlað er að verði haldin á Íslandi dagana 7.-11.mars nk. Við hvetjum ykkur til þess að skoða heimasíðu SnowGathering <http://snowgathering.com/> Þar sem við óttumst að síðunni verði lokað höfum við yfirfært nokkrar síður hennar á wordskjal til þess að tryggja að þið getið skoðað hana.*

og við vekjum athygli á meðfylgjandi fréttatilkynningu um samkomuna:

**PR Adult News @ 5:43 pm.**

**Zeist, NL (PRADULT) January 27, 2007 — Freeoones.com announced today the date for the second SnowGathering. It will be held in Reykjavik - Iceland, from the 7th till the 11th of March 2007.**

**SnowGathering is a chance to conduct business, meet new people and discuss business developments after having had an adventurous day in the winter sun. According to Maurice, owner of Freeones.com and organizer of the SnowGathering: "After the huge success of the SnowGathering edition in Austria last year, we are doing it again but bigger and better! This year we are aiming for approximately 150 attendees. A quantity large enough to make business opportunities interesting but not too large to loose the intimate feel of last year. We have chosen for Reykjavik because of the possibilities of multiple in- and outdoor activities and its infamous nightlife."**

Ef heimasíðan er skoðuð vandlega er augljóst að fjölmargir stjórnendur risaklámframleiðslufyrirtækja munu flykkjast til Íslands. Reykjavík er orðin að óskastað klámframleiðenda. Markmiðið er viðskiptalegs eðlis og Stígamót benda á að um er að ræða nýjar víddir í kaupum og sölu á konum í íslenskum veruleika.

Ef skoðað er hverjir styrkja samkomuna kemur ýmislegt fróðlegt í ljós og við skorum á þingheim að skoða hverjir hafa skráð sig og fyrir hvað þeir standa. Ef slóðir eru raktar inn á heimasíður klámfyrirtækjanna má finna klám í sinni grófustu mynd. Sem dæmi má nefna slóðina <http://www.sleazydream.com/> sem leiðbeinir m.a. um aðgang að vændi á Íslandi.

Það er ágreiningur um það hversu langt eigi að ganga í baráttunni gegn klámi, vændi og mansali. Sú skoðun er ekki óalgeng að klám sé aðeins saklaust myndefni, vændi sé grófara, en flestir eru sammála um að mansal sé nútímaþrælasala sem beri að fordæma. Stígamót vilja benda á að á milli þessara birtingarmyndna kvenfyrirlitningar eru engin skýr mörk. Klám er aðeins myndað vændi og vændi er forsenda þess að mansal þrífist. Árið 2005 voru 19 konur í viðtölum hjá Stígamótum vegna afleiðinga vændis. Einhverjir munu eflaust segja að engar sannanir séu fyrir því að konurnar sem ganga kaupum og sölu hjá þessum risafyrirtækjum hafi verið seldar mansali. Við spyrjum á móti hvort þeir hafi einhverjar sannanir fyrir því að á meðal þeirra finnist ekki fórnarlömb mansals. Klám er bannað á Íslandi og það er bannað að auglýsa og hafa milligöngu um vændi. Mansal er líka bannað.

Ágætu ráðamenn. Á Íslandi höfum við sýnt að ef við viljum ekki fulltrúa skipulagðra samtaka lögbrotá til landsins, þá getum við stöðvað þá. Það kom m.a. í ljós þegar fulltrúar Hells Angels gerðu tilraun til þess að ná fótfestu á landinu. Á Stígamótum trúum við ekki að þessi samkoma muni verða liðin. Við skorum á ykkur hvert og eitt úr þeirri valdastöðu sem þið gegnið að taka höndum saman og koma í veg fyrir hana.

Með virðingu og góðum kveðjum

f.h. Stígamóta  
Guðrún Jónsdóttir

Viðbrögð yfirvalda við mótmælum Stígamóta urðu þau að allir borgarfulltrúar í Reykjavík og síðar þingflokkar, mótmæltu kaupstefnunni. Önnur samtök kvenna á Íslandi mótmæltu og mótmæli voru send Hótelinu sem til stóð að hópurinn dveldi á.

Í framhaldi af allri umræðunni sendu eigendur Hótelsins, Bændasamtökin, frá sér yfirlýsingu þess efnis að hópurinn væri ekki velkominn þangað.

Viðbrögðin í samfélaginu og ekki síst meðal þeirra sem ætluðu að sækja kaupstefnuna urðu í framhaldi af þessu mikil. Sendar voru hótanir til kvenna sem höfðu mótmælt kaupstefnunni, Stígamót fengu haturs- og hótunarbréf og hlutir fyrir utan hús Stígamóta voru eyðilagðir. Þá höfðu menn samband við Stígamót og buðu stórar fjárhæðir „til styrktar starfsemi“ ef við hættum með þessi læti. Þá var okkur boðið að vera með kynningu á starfsemi Stígamóta á kaupstefnunni til þess að reyna að þagga niður í okkur. Það hafði að sjálfsögðu ekki tilætluð áhrif og Stígamót stóðu fast við afstöðu sína. Það hefur oft verið í höndum Stígamóta að benda á óþægilegar staðreyndir og taka skýra afstöðu í málum sem reynast viðkvæm og umdeild. Þetta er eitt dæmi um slíkt og þá skorast Stígamót ekki undan ábyrgð heldur bregðast við samkvæmt sannfæringu.

Þann 22. febrúar kom svo tilkynning þess efnis að kaupstefnunni á Íslandi væri aflýst. Það var mikill gleðidagur fyrir alla þá sem hafa mannréttindi og frelsi einstaklinga að leiðarljósi og fögnuðu starfskonur Stígamóta þeirri niðurstöðu því kynferðisofbeldi, í hvaða mynd sem það kann að birtast, verður ekki samþykkt á Íslandi. Við gátum því með gleði fagnað 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna og afmæli Stígamóta, bjartsynar og sannfærðar um að starf okkar skiptir máli.

## Alþjóðastarf

Það þarf ekki að taka fram hversu mikilvægt það er fyrir faglegt starf Stígamóta að vera í góðu sambandi við umheiminn. Það er grundvallaratriði fyrir faglegt starf á Stígamótum að fylgjast vel með á alþjóðavettvangi. Alþjóðlegt samstarf kvennahreyfinga hefur aukist á undanförunum árum í kjölfar alþjóðavæðingar. Þá er nauðsynlegt að nefna að alþjóðlega skipulögð glæpastarfsemi nær meðal annars til mansals kvenna í klámiðnaði. Mansal verður ekki upprætt nema með samstilltu átaki þvert á öll landamæri.

## Equality Now!

Stundum koma kveðjur úr óvæntum áttum og með haustinu var haft samband við okkur frá samtökunum Equality Now, sem óskuðu eftir því að fá að styrkja starfsemina um 10.000 dollara.

Einnig buðu þau talskonu Stígamóta á fund í Nepal 6. – 10. desember þar sem hún hitti stjórn samtakanna og talskonur hinna átta samtakanna sem einnig fengu viðurkenningu árið 2007. Þar fór hópurinn meðal annars í heimsókn í athvarf fyrir konur og stúlkur sem hefur verið bjargað úr vændi. Þá var lagt á ráðin um frekara samstarf. Talskonan sagði frá starfi Stígamóta gegn klámiðnaði og mansali.

Alþjóðleg viðurkenning sem þessi er ómetanleg fyrir starf okkar og staðfestir að það sem við erum að gera skiptir máli. Equality Now eru stór alþjóðleg samtök kvenna sem vinna að því að binda enda á ofbeldi gegn konum um allan heim með því að virkja kraft almennings.



Alþjóðlegi samstarfshópurinn í heimsókn í Maiti athvarfinu í Kathmandu í Nepal.

## Samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansal

Verkefnið snýst um samstarf Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna um stuðning, vernd, örugga heimferð og endurhæfingu fyrir konur sem seldar hafa verið mansali. Hugmyndin var að innan hvers lands yrði komið á laggirnar samstarfsteymi allra þeirra aðila sem að mansalsmálum kemu, til þess að tryggja að hugsanlegum förnarlömbum mansals yrði mætt á eins faglegan hátt og unnt er. Síðan yrði vinnan samhæfð meðal aðildarlandanna og loks yrði vinnulagið yfirfært á allt Evrópusambandið. Fjöldi funda voru á árinu og voru þeir haldnir á viðkomandi stofnunum til skiptis. Dagana 20. – 21. september hittust aðilar úr

samstarfshópnum á Geysi og gerðu þar drög að aðgerðaáætlun gegn mansali. Þessar tillögur kynnti talskona Stígamóta fyrir yfirmönnum þeirra stofnanna sem fulltrúa eiga í teyminu á fundi 15. október.

Dagana 3. – 6. október var svo fundur og ráðstefna um mansal á vegum samstarfshópsins í Vilnius í Litháen. Bæði á fundinum og á ráðstefnunni hélt talskona Stígamóta erindi um ástandið á Íslandi og um aðgerðir samstarfshópsins hér á landi.

## Norrænar konur gegn ofbeldi

Að þessu sinni var ráðstefna norrænna kvennasamtaka haldin dagana 14. – 17. september í Kangerlussiaq á Grænlandi. Þar hélt talskona Stígamóta erindi undir yfirskriftinni „Krisesentrene som veksthus for kvinder“ eða Kvennaathvörf sem gróðurhús fyrir konur og annað erindi um „Sæta sigra og nokkur vonbrigði“ en það var eins konar annáll yfir starfseminu. Kristbjörg Kristjánsdóttir, starfskona Stígamóta, kynnti svo mynd sína „Ekkert stoppar Stígamót!“ um hringferð Stígamótafólks um landið fyrr á árinu. Mynd Kristbjargar, með áherslu á kraft og gleði, var gífurlegur innblástur fyrir samstarfsaðilana á Norðurlöndunum. Undirbúningsfundur fyrir næstu ráðstefnu var svo í Kaupmannahöfn fyrstu helgina í desember og mætti Guðrún Jónsdóttir á hann. Þá var á þessum fundi farið yfir helstu atriði sem snerta samstarf á milli landanna.



Nordiske kvinner mot vold á Grænlandi.

## Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Guðrún Jónsdóttir, talskonan okkar, átti sæti í íslensku sendinefndinni sem sótti 51. fund Kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna dagana 25. febr. -4. mars í New York. Af því tilefni vann Guðrún nokkra undirbúningsvinnu með fulltrúum ráðuneyta og félagasamtaka. Ísland var með einn hliðarviðburð á fundinum, þann 28. febrúar þar sem Guðrún Jónsdóttir var með erindi. Á sama tíma og Kvennanefndarfundurinn er í byggingu Sameinuðu þjóðanna hittast konur alls staðar að úr heiminum og eru með nokkurs konar hliðardagskrá í næsta húsi. Sú dagskrá er skipulögð af kvennahreyfingum og er opin öllum. Þar var Guðrún með fyrirlestur þar sem hún fór yfir baráttuna sem háð var á Íslandi vegna kaupstefnu klámiðnaðarins sem hér átti að vera en svo aflýst.

## Yakin Etürk umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna í kynjaofbeldismálum kynnti sér ofbeldismál í Evrópu

Dagana 11. – 14. janúar hittust í London konur frá 22 löndum Evrópu og uppsetning fundarins var slík að öllum gafst tækifæri til þess að koma á framfæri brýnum skilaboðum til umboðsmannsins. Skilaboð Stígamóta voru áhyggjur af skaðlegum ranghugmyndum fórnarlamba ofbeldis. Ranghugmyndirnar eru til þess fallnar að setja skömm og sektarkennd á konur og börn og þannig draga úr alvarleika og ábyrgð ofbeldismanna. Áherslan var á aukna menntun, fræðslu og vitundarvakningu allra sérfræðinga sem vinna með fólki og komast þannig í kynni við afleiðingar ofbeldis. Etürk dró saman eftir hvern dag þau atriði sem henni þóttu athyglisverðust og byrjaði á að nefna hversu mikilvægt það væri að eigna ofbeldismönnum skömmina og sektarkenndina vegna kynferðisofbeldis.

Etürk var augljóslega vel upplýst um ofbeldismál og það var ánægjulegt að heyra hana leggja áherslu á rétt kvenna yfir líkama sínum, þar á meðal réttinn til fóstureyðinga. Hún lýsti áhyggjum sínum af því bakslagi sem orðið hefur í málefnum kvenna undanfarin ár.

Stígamótafulltrúinn velti fyrir sér hvernig best væri að nýta fundinn með umboðskonunni og fann ekki betri hugmynd en að bjóða henni heim á Íslandið okkar. Hugmyndin var reifuð á sama tíma og fulltrúar stóru evrópsku samtakanna ræddu hvort mögulegt væri að bjóða Etürk aftur til Evrópu eftir einhver ár ef stærstu kvennasamtök í Evrópu á þessu sviði sameinuðust. Fulltrúinn bjóst jafnvel við að umboðskonan skellti upp úr en lét sig þó hafa það að stynja upp erindinu. “Oh, I would love to visit Iceland” sagði hún með áherslu en minnti þó á að huga þyrfti að tímasetningu og lýsti formlegum leiðum. Svo nú er bara að fylgja eftir þessu heimboði og tryggja þannig að umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna fái innsýn í hvernig við Íslendingar stöndum okkur þegar um kynbundið ofbeldi er að ræða.



Yakin Etürk, umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna í kynjaofbeldismálum

## Aðrar erlendar ráðstefnur

Dagana 8. og 9. október fór Thelma á ráðstefnu um kynbundið ofbeldi sem var haldin í Helsinki á vegum Evrópuráðsins. Löndin sem tóku þátt voru Norðurlöndin, Eystrasaltslöndin og Rússland og fór ráðstefnan fram á þremur tungumálum. Thelma var með erindi um starfsemi Stígamóta og lærði jafnframt mikið um hvað hin löndin eru að gera til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Norðmenn eru sérstaklega duglegir við að þróa nýjar aðferðir. Þeir ætla meðal annars að prófa notkun staðsetningatækja og neyðarhnappa. Einnig hefur kynbundið ofbeldi verið mjög uppá borðum lögreglunnar þar í landi sem er að skila sér í góðri úrvinnslu þeirra mála sem eru kærð.

Síðastliðið haust var Stígamótum boðið að senda fulltrúa á ráðstefnu sem haldin var af landssamtökum Ráðgjafa og upplýsingamiðstöðva gegn kynferðislegu ofbeldi í Noregi. Ráðstefnan var haldið 3.-5. október 2007 í Tromsø. Þórunn Þórarinsdóttir sótti ráðstefnuna fyrir hönd Stígamóta, þar sem meðal annars var fjallað um aðgengi ofbeldismanna að börnum í gegnum netið og leiðir til forvarna. Einnig gafst fulltrúa Stígamóta tækifæri á að ræða við aðila ýmissa ráðgjafamiðstöðva í Noregi og kynna sér starfsemina sem þar fer fram.

Þá fór Ingibjörg Þórðardóttir á evrópska ráðstefnu á vegum ISPCAN í Portúgal dagana 18. – 21. nóvember. ISPCAN eru alþjóðasamtök um forvarnir gegn ofbeldi og vanrækslu á börnum. Þetta var yfir 800 manna rástefna þar sem saman voru komnir sérfræðingar í barnaverndarmálum alls staðar að úr heiminum. Þar fór Ingibjörg á marga fyrirlestra um kynferðisofbeldi gegn börnum, til dæmis um afleiðingar, birtingarmyndir, og hvernig ofbeldismenn nýta sér þá tækni sem netið er. Það er mikilvægt að kynna sér nýjustu rannsóknir og fylgjast með því sem fræðimenn eru að gera í þessum málaflokki og var ráðstefnan góð leið til að fá mikla fræðslu á stuttum tíma.

Talskonan okkar fór á fund í bandaríska sendiráðinu 13. febrúar vegna mannréttindaskýrslu.

Þá var ráðstefna Evrópusambandsins um mansal í Portó í Portúgal 7.-9. október. Talskona Stígamóta var boðin þangað af Dómsmálaráðuneytinu.

Ráðstefna WAVE, samtaka kvennaathvarfa í Evrópu, var haldin dagana 17. – 21. október. Þar hélt talskona Stígamóta erindi í þinghúsinu í Vilnius undir yfyrskriftinni; “Growth, power and fun”. Þess má geta að erindið var sent öllum athvörfum í samtökunum vegna áhuga þeirra á nálgun Stígamóta á ofbeldi, þar sem kraftur og lífsgæði eru kjörorðin.

## Aðrar ráðstefnur, fundir og þverfaglegt samstarf

Karlahópur Feministafélags Íslands stóð fyrir málþingi 30. ágúst um verkefnið „Karlar til ábyrgðar“ sem hefur verið endurvakið. Þar töluðu íslenskir og erlendir fyrirlesarar. Þangað mættu nokkrir fulltrúar Stígamóta.

Þann 11. október hélt Barnaheill ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Ný tækni – sama sagan, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum“ þar sem bæði erlendir og íslenskir fyrirlesarar héldu erindi. Þangað mættu Ingibjörg Þórðardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir fyrir hönd Stígamóta.

Margir aðilar hafa áhyggjur af þjónustu við fatlaða þegar kemur að kynferðisofbeldi og voru Stígamót í viðræðum við Félagsmálaráðuneytið um stöðugildi til þess að þjónusta þennan hóp. Jafnframt voru stígamótakonur í viðræðum við Heyrnleysingjasamfélagið, Svæðisskrifstofur, Sólheima og fleira til að kanna hvernig Stígamót gætu þjónustað þennan hóp sem best í framtíðinni

Félagsráðgjafarskor óskaði eftir að 4. árs nemi yrði í fjögurra mánaða verknámi hjá Stígamótum, frá janúar til maí, í handleiðslu hjá Guðrúnu Jónsdóttur talskonu sem jafnframt er félagsráðgjafi. Svo vel tókst til að neminn, Ingibjörg Þórðardóttir, var ráðin til starfa eftir að námi lauk.

Eftir að lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hafði komið í eftirmiðdagskaffi til Stígamóta, var starfskonum boðið í heimsókn á lögreglustöðina við Hlemm þar sem við fengum að skoða allar deildir. Þar áttum við meðal annars stutt spjall við kynferðisbrotadeildina og fengum smjörþefinn af því hvað rannsóknardeildin fæst við í málum sem varða kynferðisbrot. Það þarf ekki að orðlengja það hversu mikilvægt er að lögregla og Stígamót eigi góða samvinnu og fögnum við svona heimsóknum.

Kvenréttindafélag Íslands hélt ráðstefnu um vændi á Grand Hótel þann 8. júní og var Guðrún Jónsdóttir, talskona, fundarstjóri þess fundar.

Þann 31. október komu þær Anna Kristín Newton og fleiri frá Fangelsismálastofnun í heimsókn til Stígamóta til að ræða ráðgjöf og fræðslu fyrir fanga og mögulegt samstarf Stígamóta og Fangelsismálastofnunar.

Þann 9. mars var málþing um verkefnið „Allar heimsins konur“, sem Rauði krossinn heldur utan um og miðar að því að virkja konur af erlendum uppruna í samfélaginu og eigin lífi. Thelma Ásdísardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir mættu þangað fyrir hönd Stígamóta.

Dagana 24. og 25. maí var ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á vegum Blátt áfram. Þangað mætti Thelma Ásdísardóttir fyrir hönd Stígamóta.

## Stígamót að alþjóðasamtök

- ∞ **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- ∞ **ENATW –European network against Trafficking in Women**, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er [www.aretusa.net](http://www.aretusa.net)
- ∞ **Norsk nettverk mot prostitusjon og trafficking** Stígamót ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Louise Eek í Svíþjóð eru aðilar að netinu, önnur samtök eru norsk.
- ∞ **Wave** - women against violence in Europe með vefsíðuna: [www.wave-network.org](http://www.wave-network.org)
- ∞ **International Abolitionist Federation** sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- ∞ **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar [catw-1@list.web.net](mailto:catw-1@list.web.net)
- ∞ **European's Womens Lobby** – regnhlífarsamtök kvennahreyfina í Evróðu <http://www.womenlobby.org/site/hp.asp>
- ∞ **Equality Now** – alþjóðleg samtök sem vinna gegn ofbeldi gegn konum [www.equalitynow.org](http://www.equalitynow.org)



# TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 18 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Ýmislegt fleira má lesa úr eftirfarandi tölum. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

*Síffjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2007 leituðu 527 einstaklingar til Stígamóta og af þeim voru 277 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2007 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 277 einstaklinga.

Á þeim 18 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2007 hafa 4776 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 6787 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Samkvæmt þjóðskrá eru konur á Íslandi 153.888 og undanfarin 18 ár hafa 4517 konur leitað til Stígamóta eða 2,94% íslenskra kvenna.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2007 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárunum má nálgast hjá Stígamótum.

## Tafla 1) Fjöldi viðtala árið 2007

| Fjöldi einstaklinga | Þar af ný mál | Heildarfjöldi viðtala | Fjöldi ofbeldismanna |
|---------------------|---------------|-----------------------|----------------------|
| 527                 | 277           | 1899                  | 418                  |


Þegar þessar tölur eru bornar saman við síðasta ár kemur í ljós að ný mál eru fleiri en í fyrra og nemur fjölgunin 4,1%. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er meiri en í fyrra og nemur fjölgunin 20,2%. Heildarfjöldi viðtala er minni en í fyrra sem nemur 8,8%. Fjöldi ofbeldismanna er meiri en undanfarin ár og nemur fjölgunin 14,5% frá síðasta ári.

## Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslu síðasta árs eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar útfrá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

**Tafla 2) Skipting einstaklinganna eftir kyni**


|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Kona        | 251        | 90,6%       |
| Karl        | 26         | 9,4%        |
| <b>Alls</b> | <b>277</b> | <b>100%</b> |



Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi gætu um 20% misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu 1999-2002 bendir til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. (Mbl. 17. sept. 2002). Þar sem um helmingur þeirra sem leita til Stígamóta koma vegna sífjaspella og langflestir karlar koma vegna ofbeldis í æsku, má segja að karlar hafi verið í kringum 20% af sífjaspellshópnum. Það má því segja að Stígamót nýtist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Hlutfall karla af sífjaspellsmálum þetta árið var hins vegar 11,5%, sem er lægra en undanfarin ár. Skýringin getur að hluta til verið sú að notendur fylltu sjálfir út spurningalistann og hlutfall karla í öðrum flokkum ofbeldis var hærra en undanfarin ár.


**Tafla 3) Fjöldi nýrra mála frá upphafi**

Taflan sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 16 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Undanfarin fjögur ár hefur orðið aukning á nýjum málum og hefur fjöldi þeirra ekki verið meiri síðan árið 1995.



**Tafla 4) Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2007**

Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.




**Tafla 5a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2007**

|                                  | Fjöldi     | Hlutfall    |
|----------------------------------|------------|-------------|
| Sifjaspell og afleiðingar þeirra | 157        | 42,9%       |
| Nauðganir og afleiðingar þeirra  | 115        | 31,4%       |
| Grunur um sifjaspell             | 6          | 1,6%        |
| Grunur um nauðgun                | 6          | 1,6%        |
| Kynferðisleg áreitni             | 59         | 16,1%       |
| Klám                             | 11         | 3,0%        |
| Vændi                            | 12         | 3,3%        |
| <b>Alls</b>                      | <b>366</b> | <b>100%</b> |

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af

svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist.



Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konunum hótáð að þeim verði dreift.


Eins og í ársskýrslu síðasta árs, kemur fram að kynferðisleg áreitni er stærra hlutfall en árin þar á undan. Hluti skýringarinnar er eflaust sú að fólkið sem leitar hjálpar lítur eigin mál ekki eins alvarlegum augum og ráðgjafarnir. Því er ekki hægt að bera tölurnar beint saman við tölur fyrri ára.

## Um klám og vændi

Á síðasta ári nýttu 22 konur og 3 karlar sér viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 12 ný mál og 13 eldri mál og hafa aldrei leitað svo margir til Stígamóta vegna vændis. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum, að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum. Sífellt fleiri leita aðstoðar Stígamóta vegna kláms.

## Tafla 5b) Samanburður milli ára

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir ástæður komu síðustu fimm árin. Það skal ítrekað hér að árin 2006 og 2007 voru upplýsingarnar fylltar út af notendum en ekki ráðgjöfum Stígamóta og hefur það eflaust áhrif á skilgreiningu ofbeldisins, eins og nefnt var hér að framan.



## Tafla 6a/b)

### Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2007

Tafla 6a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 6b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 19-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-10 ára. Þessar upplýsingar eru yfirlitt með svipuðum hætti ár eftir ár.


6a)

|                 | Fjöldi     | Leitað     |
|-----------------|------------|------------|
| 0-4 ára         | 0          | 0,0%       |
| 5-10 ára        | 0          | 0,0%       |
| 11-15 ára       | 3          | 1,1%       |
| 16-18 ára       | 30         | 10,8%      |
| 19-29 ára       | 127        | 45,8%      |
| 30-39 ára       | 41         | 14,8%      |
| 40-49 ára       | 40         | 14,4%      |
| 50-59 ára       | 19         | 6,9%       |
| 60 ára og eldri | 6          | 2,2%       |
| Óvíst           | 11         | 4,0%       |
| <b>Alls</b>     | <b>277</b> | <b>100</b> |

6b)

|                 | Fjöldi     | Framið      |
|-----------------|------------|-------------|
| 0-4 ára         | 19         | 6,9%        |
| 5-10 ára        | 108        | 39,0%       |
| 11-15 ára       | 66         | 23,8%       |
| 16-18 ára       | 37         | 13,4%       |
| 19-29 ára       | 32         | 11,6%       |
| 30-39 ára       | 2          | 0,7%        |
| 40-49 ára       | 2          | 0,7%        |
| 50-59 ára       | 1          | 0,4%        |
| 60 ára og eldri | 0          | 0,0%        |
| Óvíst           | 10         | 3,6%        |
| <b>Alls</b>     | <b>277</b> | <b>100%</b> |


**Tafla 6c) Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2007**




Súlurit 6c sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2007. Tekið skal fram að 33 einstaklingar voru 18 ára eða yngri þegar aðstoðar var leitað. Fyrir þann hluta hópsins sem var undir 18 ára aldri er um að ræða mál sem þekkt voru af barnaverndaryfirvöldum. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

## Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga

Tafla 7) Uppeldisaðstæður



Tafla 8) Hjúskaparstaða





**Tafla 9) Fjöldi barna**

|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Barnlaus    | 116        | 41,9%       |
| Eitt barn   | 38         | 13,7%       |
| Tvö börn    | 42         | 15,2%       |
| Þrjú börn   | 37         | 13,4%       |
| Fjögur börn | 15         | 5,4%        |
| Fimm börn   | 4          | 1,4%        |
| Sex börn    | 1          | 0,4%        |
| Óvíst       | 24         | 8,7%        |
| <b>Alls</b> | <b>277</b> | <b>100%</b> |


Tölur 7, 8 og 9 sýna uppeldisaðstæður, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra sem leita til Stígamóta. Flestir eru einhleypir og barnlausir og er það í samræmi við að meðalaldur þeirra er lágur.

**Tafla 10a/b) Menntun og atvinna**




Tölur 10a og 10b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2007 sýna að margir eru við nám, enda meðalaldurinn ekki hár. Þá eru einnig nokkuð margir sem vinna við verslun og þjónustu.

**Tafla 11) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað**



Tölurnar í töflu 11 miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Árið 2007 átti ofbeldið sér stað á höfuðborgarsvæðinu í 42,5% tilfella. Það sem er flokkað úti á landi er bæði í þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk.

**Tafla 12a) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2005**



Í töflu 12a má sjá búsetu fólks þegar það leitar til Stígamóta. Um 72,5% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2007 búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. En þrátt fyrir vegalengdir er notendahópurinn af

öllu landinu. Fólkið sem býr lengst í burtu hefur lagt mikið á sig til þess að nýta þjónustuna en símaviðtöl eru þó skásti kosturinn fyrir þennan hóp.

**Tafla 12b) Búseta; samanburður milli ára**


|               | 2003       | 2004       | 2005       | 2006       | 2007       |     |
|---------------|------------|------------|------------|------------|------------|-----|
| Reykjavík     | 55,0%      | 56,6%      | 55,0%      | 47,0%      | 48,4%      | 134 |
| Kópavogur     | 12,0%      | 10,5%      | 10,8%      | 10,5%      | 7,9%       | 22  |
| Hafnarfjörður | 7,2%       | 11,4%      | 8,4%       | 7,5%       | 10,1%      | 28  |
| Seltjarnarnes | 2,0%       | 1,8%       | 0,8%       | 0,8%       | 0,4%       | 1   |
| Garðabær      | 2,4%       | 2,6%       | 2,4%       | 2,3%       | 3,2%       | 9   |
| Mosfellsbær   | 4,0%       | 2,6%       | 0,4%       | 1,1%       | 2,5%       | 7   |
| Úti á landi   | 16,7%      | 11,4%      | 19,3%      | 24,8%      | 23,8%      | 66  |
| Erlendis      | 0,8%       | 3,1%       | 2,0%       | 3,8%       | 2,2%       | 6   |
| <b>Fjöldi</b> | <b>251</b> | <b>228</b> | <b>249</b> | <b>266</b> | <b>277</b> |     |

Í töflu 12b er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2003 til 2007 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára. Þó hefur hlutfall þeirra sem búa úti á landi hækkað örlítið og má eflaust að hluta til rekja það til þess að starfsemi Stígamóta hefur aukist á landsbyggðinni með tilkomu verkefnisins, Stígamót á staðinn.

## Um ofbeldisverkin

**Tafla 13) Líkamlegt ofbeldi í bernsku**


|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Nei         | 205        | 74,0%       |
| já          | 56         | 20,2%       |
| Ekki vitað  | 16         | 5,8%        |
| <b>Alls</b> | <b>277</b> | <b>100%</b> |



Eins og sjá má á töflu 13 höfðu 56 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2007 eða 20,2 % búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Þetta er örlítið lægra hlutfall en árið 2006, eða 2,1% en hærra heldur en árin þar á undan. Það skal hér tekið fram að notendur fylltu sjálfir út spurningalistana og hafa gleggri vitneskju um aðbúnað sinn í æsku. Því er sennilega um leiðréttingu að ræða frá tölfræði eins og hún var unnin áður.

**Tafla 14) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð**

|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Nei         | 185        | 73,7%       |
| Já          | 58         | 23,1%       |
| Ekki vitað  | 8          | 3,2%        |
| <b>Alls</b> | <b>251</b> | <b>100%</b> |




Í töflu 14 kemur fram að 23,1 % þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2007 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 251 en það er heildarfjöldi kvenna sem leitaði til Stígamóta árið 2007, líka þær sem ekki hafa verið í sambúð eða hjúskap og því má ætla að hlutfallið sé enn hærri ef eingöngu er miðað við þær konur sem eru eða hafa verið í sambúð eða hjúskap.

Frá árinu 1992 – 2005 sýna tölur okkar að á milli 10% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Talan árið 2007 er því sú hæsta sem hefur mælst en tekið skal fram að þessar tölur komu ekki fram í ársskýrslu fyrir árið 2006. Þetta er því í fyrsta skiptið sem konurnar fylltu sjálfar út spurningalistann og getur það skýrt að hluta þessa hækkun, sem er 1,7% hærri en mælst hefur áður.

Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

**Tafla 15a) Hve lengi stóðu sifjaspellin?**

|                    | 2003       | 2004       | 2005       | 2006       | 2007       |    |
|--------------------|------------|------------|------------|------------|------------|----|
| Eitt skipti        | 16,6%      | 9,4%       | 8,5%       | 14,7%      | 9,9%       | 17 |
| 0-3 mánuði         | 4,6%       | 5,8%       | 5,2%       | 4,7%       | 11,1%      | 19 |
| 4-6 mánuði         | 4,0%       | 7,2%       | 6,5%       | 4,0%       | 7,0%       | 12 |
| 7-11 mánuði        | 2,0%       | 4,3%       | 3,9%       | 7,3%       | 3,5%       | 6  |
| Eitt ár            | 8,6%       | 10,9%      | 9,8%       | 15,3%      | 7,6%       | 13 |
| Tvö ár             | 12,6%      | 10,9%      | 9,8%       | 16,7%      | 8,8%       | 15 |
| Þrjú ár            | 16,6%      | 13,8%      | 12,4%      | 10,0%      | 11,1%      | 19 |
| Fjögur ár          | 8,6%       | 10,9%      | 9,8%       | 10,7%      | 9,9%       | 17 |
| Fimm ár            | 4,6%       | 11,6%      | 10,5%      | 3,3%       | 4,7%       | 8  |
| Sex ár             | 6,0%       | 5,1%       | 4,6%       | 4,7%       | 1,8%       | 3  |
| Sjö ár             | 1,3%       | 2,9%       | 2,6%       | 1,3%       | 5,3%       | 9  |
| Átta ár            | 0,7%       | 0,7%       | 0,7%       | 0,7%       | 1,2%       | 2  |
| Níu ár             | 0,0%       | 0,0%       | 0,0%       | 0,0%       | 0,6%       | 1  |
| Tíu ár eða lengur  | 5,3%       | 2,9%       | 2,7%       | 4,0%       | 5,3%       | 9  |
| Óvíst              | 8,6%       | 14,5%      | 13,1%      | 2,7%       | 12,3%      | 21 |
| <b>Alls fjöldi</b> | <b>151</b> | <b>138</b> | <b>153</b> | <b>150</b> | <b>171</b> |    |

**Tafla 15b) Samanburður milli ára**

Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Árin 2003 - 2005 standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða meira í um 75% tilfella en þessi tala er í kringum 70% árin 2006 - 2007. Hér getur komið fram breyting vegna þess að notendurnir fylltu sjálfir út spurningalistana síðustu tvö árin.


**Tafla 16) Mismunandi birtingarmyndir nauðgana**

|                                      | Fjöldi     | Hlutfall   |
|--------------------------------------|------------|------------|
| Nauðgun*                             | 70         | 59,3%      |
| Hópnauðgun                           | 6          | 5,1%       |
| Nauðgun í hjúskap                    | 10         | 8,5%       |
| Nauðgun í sambúð                     | 4          | 3,4%       |
| Lyfjanauðgun                         | 11         | 9,3%       |
| Fleiri en ein birtingamynd nauðgunar | 17         | 14,4%      |
| <b>Alls</b>                          | <b>118</b> | <b>100</b> |

\* Með nauðgun er átt við nauðgun sem ekki fellur undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni.

Undanfarin misseri hefur verið mikil umræða um nauðganir í samfélaginu og birtingarmyndir þeirra. Því töldum við nauðsynlegt að birta þær tölur sem við höfum um nauðganir og eðli þeirra og er þetta í fyrsta skipti sem við höfum slíkar upplýsingar og því ekki hægt að bera tölurnar saman við fyrri ár. Eins og sjá má í töflu 16 voru 14 nauðganir í hjúskap og/eða sambúð eða 11,9% nauðgana. 9,3% voru lyfjanauðganir og 5,1% voru hópnauðganir.

**Tafla 17) Þvingunaraðferðir við framkvæmd ofbeldisins**



Í töflu 17 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við framkvæmd ofbeldisins. Þessi tafla á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hér sést að í 17% tilfella var hótunum beitt og líkamsmeiðingum í yfir 12% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

**Tafla 18) Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?**

|                              | Fjöldi     | Hlutfall    |
|------------------------------|------------|-------------|
| Á sameiginlegu heimili       | 87         | 22,1%       |
| Á heimili ofbeldismannsins   | 118        | 30,0%       |
| Á vinnustað ofbeldismannsins | 15         | 3,8%        |
| Á útihátíð                   | 8          | 2,0%        |
| Í sumardvöl                  | 16         | 4,1%        |
| Á víðavangi/leikvelli        | 30         | 7,6%        |
| Á heimili þolanda            | 53         | 13,5%       |
| Á vinnustað þolanda          | 7          | 1,8%        |
| Á skemmtistað                | 14         | 3,6%        |
| Á hóteli                     | 10         | 2,5%        |
| Annars staðar                | 31         | 7,9%        |
| Óvíst                        | 4          | 1,0%        |
| <b>Alls</b>                  | <b>393</b> | <b>100%</b> |

Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þess sem er beittur ofbeldinu og ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á heimili ofbeldismanns, samtals í um 66 % tilfella.

Í töflunni sem merkt er „annars staðar“ er um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi, í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

**Tafla 19a) Sagði þolandi frá ofbeldinu**


|              | Fjöldi     | Hlutfall    |
|--------------|------------|-------------|
| Nei          | 189        | 68,2%       |
| Já           | 78         | 28,2%       |
| Uppl. vantar | 10         | 3,6%        |
| <b>Alls</b>  | <b>277</b> | <b>100%</b> |

Tafla 19a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk ásamt því hverjum þau hafa sagt það. Algengast var að mæður nyttu trúnaðar og næst á eftir þeim, vinir/vinkonur. Þessi tafla er nokkuð frábrugðin fyrri árum því dreifingin er meiri milli aðila.

|                       | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-----------------------|------------|-------------|
| Maka                  | 8          | 5,9%        |
| Móður                 | 39         | 28,9%       |
| Föður                 | 17         | 12,6%       |
| Vinkonu/vini          | 31         | 23,0%       |
| Systkini              | 13         | 9,6%        |
| Öðrum í fjölskyldunni | 5          | 3,7%        |
| Fagaðila              | 15         | 11,1%       |
| Börnunum þínum        | 2          | 1,5%        |
| Öðrum                 | 5          | 3,7%        |
| <b>Alls</b>           | <b>135</b> | <b>100%</b> |


**Tafla 19b) Samanburður milli ára**

Súluritið hér að neðan sýnir samanburð milli ára. Undanfarin tvö ár hefur hlutfall þeirra sem hefur sagt frá ofbeldinu strax verið heldur hærra en árin þar á undan eða um 10-12% hærra.




**Tafla 19c) Var viðkomandi trúað?**

|              | Fjöldi    | Hlutfall    |
|--------------|-----------|-------------|
| Ekki trúað   | 8         | 9,3%        |
| Trúað        | 57        | 66,3%       |
| Óvíst        | 10        | 11,6%       |
| Uppl. vantar | 11        | 12,8%       |
| <b>Alls</b>  | <b>86</b> | <b>100%</b> |



Tafla 19c sýnir að af þeim sem sögðu frá ofbeldinu var 57 eða 66,3% % þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.


**Tafla 20) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis**



Hér er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða að myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Léleg sjálfsmynd, depurð, skömm, kvíði, sektarkennd, svipmyndir og erfiðleikar í nánum tengslum eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðinn sjálfsköðun flokkast til dæmis átröskun en einnig er þekkt að konur skeri sig, t.d. á handleggjum.

**Tafla 21a) Sjálfsvígstílaunir**

|             | <b>Fjöldi</b> | <b>Hlutfall</b> |
|-------------|---------------|-----------------|
| Nei         | 208           | 75,1%           |
| Já          | 52            | 18,8%           |
| Óvíst       | 16            | 5,8%            |
| Á ekki við  | 1             | 0,4%            |
| <b>Alls</b> | <b>277</b>    | <b>100%</b>     |



Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2007, höfðu 52 eða 18,8 % gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga.

Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tílaunir til sjálfsvígs og rímar það vel við þessa mynd. Almennt gildir að um 4% fólks hafi gert slíkar tílaunir.

Í töflu 21b hér að neðan er fjöldi og hlutfall þeirra sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman síðustu fimm ár.


**Tafla 21b) Samanburður milli ára**

|                | <b>2003</b> | <b>2004</b> | <b>2005</b> | <b>2006</b> | <b>2007</b> |
|----------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Já             | 14,7%       | 14,5%       | 11,6%       | 18,8%       | 18,8%       |
| Nei            | 78,5%       | 80,3%       | 84,3%       | 77,1%       | 75,1%       |
| <b>Fjöldi*</b> | <b>234</b>  | <b>216</b>  | <b>239</b>  | <b>255</b>  | <b>263</b>  |

\*Athuga verður að heildarfjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða átti ekki við.


**Tafla 21c) Sjálfsvígshugsanir**

|             | <b>Fjöldi</b> | <b>Hlutfall</b> |
|-------------|---------------|-----------------|
| Nei         | 94            | 33,9%           |
| Já          | 173           | 62,5%           |
| Ekki vitað  | 10            | 3,6%            |
| <b>Alls</b> | <b>277</b>    | <b>100%</b>     |




62,5% þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2007, lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika kynferðisofbeldis að þeir sem því eru beittir kjósa jafnvel dauðann fram yfir líðan sína. Þessi tala er hærri árið 2007 en árin á undan og hér getur skýringin að hluta til verið sú að notendur fylltu sjálfir út spurningalistann.

**Tafla 22) Hvert hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta árið 2007?**



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar. Lengsta súlan í súluritinu er „engin aðstoð“ sem getur bent til þess að þau mál sem koma til Stígamóta koma hvergi annars staðar fram.

**Tafla 23a) Tengsl við ofbeldismenn**



Í töflu 23a kemur fram að 418 ofbeldismenn höfðu beitt þá 277 einstaklinga ofbeldi sem leituðu til Stígamóta árið 2007. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví-eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring er að á árinu voru 6 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum. Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 16 % ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2007 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 23b/c ) Samanburður milli ára frá árinu 2003**

| <b>Sifjaspell</b>                 | <b>2003</b> | <b>2004</b> | <b>2005</b> | <b>2006</b> | <b>2007</b> |    |
|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|----|
| Faðir/stjúpfaðir*                 | 25,7%       | 24,9%       | 24,9%       | 14,6%       | 9,9%        | 16 |
| Móðir/stjúpmóðir                  | 0,0%        | 0,6%        | 0,6%        | 0,5%        | 0,6%        | 1  |
| Giftur inn í fjölskylduna*        | 2,5%        | 4,2%        | 4,2%        | 13,0%       | 7,4%        | 12 |
| Bróðir                            | 12,9%       | 15,8%       | 15,8%       | 9,2%        | 14,8%       | 24 |
| Systir                            | 0,6%        | 0,6%        | 0,6%        | 0,5%        | 0,6%        | 1  |
| Frændi/frænka                     | 20,2%       | 18,8%       | 18,8%       | 16,2%       | 19,7%       | 32 |
| Afi                               | 3,1%        | 7,3%        | 7,3%        | 4,9%        | 8,0%        | 13 |
| Amma                              | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Maki                              | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Fjölskylduvinur                   | 17,2%       | 17,6%       | 17,6%       | 11,9%       | 13,0%       | 21 |
| Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar | 3,7%        | 3,0%        | 3,0%        | 7,3%        | 11,7%       | 19 |
| Vinur/kunningi                    | 12,9%       | 4,8%        | 4,8%        | 14,5%       | 8,6%        | 14 |
| Vinnuveitandi                     | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Samstarfsmaður                    | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 1,8%        | 0,6%        | 1  |
| Ókunnugur                         | 0,0%        | 1,8%        | 1,8%        | 4,3%        | 1,9%        | 3  |
| Annar/önnur                       | 1,2%        | 0,6%        | 0,6%        | 1,6%        | 3,1%        | 5  |
| Óvíst                             | ---         | ---         | ---         | 3,8%        | 0,0%        | 0  |
| <b>Fjöldi</b>                     | <b>163</b>  | <b>149</b>  | <b>165</b>  | <b>185</b>  | <b>162</b>  |    |

\*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfaður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfaður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfaður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.


| <b>Nauðgun</b>                    | <b>2003</b> | <b>2004</b> | <b>2005</b> | <b>2006</b> | <b>2007</b> |    |
|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|----|
| Faðir/stjúpfaðir                  | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 1,7%        | 0,0%        | 0  |
| Móðir/stjúpmóðir                  | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Giftur inn í fjölskylduna         | 1,3%        | 0,0%        | 0,9%        | 4,4%        | 0,0%        | 0  |
| Bróðir                            | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,6%        | 1,3%        | 2  |
| Systir                            | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Frændi/frænka                     | 3,2%        | 0,0%        | 1,7%        | 4,4%        | 0,6%        | 1  |
| Afi                               | 0,6%        | 0,6%        | 0,0%        | 2,2%        | 0,0%        | 0  |
| Amma                              | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0,0%        | 0  |
| Maki                              | 12,3%       | 9,7%        | 8,6%        | 12,7%       | 14,4%       | 23 |
| Fjölskylduvinur                   | 1,9%        | 0,0%        | 2,6%        | 3,9%        | 3,1%        | 5  |
| Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar | 0,6%        | 0,0%        | 0,0%        | 3,3%        | 0,6%        | 1  |
| Vinur/kunningi                    | 53,5%       | 60,2%       | 53,4%       | 34,4%       | 44,4%       | 71 |
| Vinnuveitandi                     | 0,0%        | 0,0%        | 3,4%        | 2,8%        | 0,0%        | 0  |
| Samstarfsmaður                    | 1,9%        | 0,0%        | 0,9%        | 2,8%        | 1,3%        | 2  |
| Ókunnugur                         | 23,9%       | 28,3%       | 27,6%       | 24,0%       | 31,3%       | 50 |
| Annar/önnur                       | 0,6%        | 0,9%        | 0,9%        | 1,1%        | 1,9%        | 3  |
| Óvíst                             | ---         | ---         | ---         | 1,1%        | 1,3%        | 2  |
| <b>Fjöldi</b>                     | <b>155</b>  | <b>113</b>  | <b>116</b>  | <b>180</b>  | <b>160</b>  |    |

Í töflum 23b og c eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir birtingarmynd ofbeldis og árum. Taflan um sífjaspell sýnir að bræður, frændur og fjölskylduvinir eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi. Þeir sem eru líklegastir til þess að nauðga eru vinir/kunningjar, makar og ókunnugir.

## Kærð mál

**Tafla 24 ) Kært til lögreglu og hver kærði?**

|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Nei         | 329        | 78,7%       |
| Já          | 54         | 12,9%       |
| Óvíst       | 35         | 8,4%        |
| <b>Alls</b> | <b>418</b> | <b>100%</b> |



|                                | Fjöldi     | Hlutfall    |
|--------------------------------|------------|-------------|
| Þolandi                        | 25         | 51,0%       |
| Móðir                          | 3          | 6,1%        |
| Foreldrar                      | 1          | 2,0%        |
| Barnaverndarnefnd              | 14         | 28,6%       |
| Óvíst                          | 3          | 6,1%        |
| Önnur/annar                    | 1          | 2,0%        |
| Merkt við fleiri en einn aðila | 2          | 4,1%        |
| <b>Alls</b>                    | <b>49*</b> | <b>100%</b> |

\* Hér er fjöldi lægri en fjöldi kærðra mála þar sem svör vantaði í nokkrum tilfellum

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust vitum við að 12,9% komust til opinberra aðila og er það 2,2% hærra hlutfall en árið 2006. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförunum árum en hefur þó hækkað síðustu tvö ár. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólki treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 85% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Af töflum 25-28 má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómskerfinu. Það skal þó tekið fram að Stígamót hafa ekki alltaf aðstöðu til þess að fylgjast með gangi mála svo kærur og dómar gætu verið fleiri eftir að afskiptum Stígamóta lýkur.

**Tafla 25) Var ofbeldismaður ákærður?**

|                    | Fjöldi    | Hlutfall    |
|--------------------|-----------|-------------|
| Já                 | 19        | 38,8%       |
| Málið er í vinnslu | 10        | 20,4%       |
| Málið fellt niður  | 16        | 32,7%       |
| Óvíst              | 4         | 8,2%        |
| <b>Alls</b>        | <b>49</b> | <b>100%</b> |

## Tafla 26) Hvernig var dæmt í málinu í héraði?

|             | Fjöldi    | Hlutfall    |
|-------------|-----------|-------------|
| Fangelsi    | 6         | 31,6%       |
| Skilorð     | 4         | 21,1%       |
| Sýknaður    | 4         | 21,1%       |
| Óvíst       | 5         | 26,3%       |
| <b>Alls</b> | <b>19</b> | <b>100%</b> |

## Tafla 27) Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

|                            | Fjöldi     | Hlutfall    |
|----------------------------|------------|-------------|
| Dómur ekki fallinn         | 3          | 21,4%       |
| Sami dómur                 | 1          | 7,1%        |
| Ekki vísað til hæstaréttar | 4          | 28,6%       |
| Óvíst                      | 6          | 42,9%       |
| <b>Alls</b>                | <b>14*</b> | <b>100%</b> |

\*Hér er fjöldi mála lægri en fjöldi mála í héraðsdómi þar sem svör vantaði í fimm tilfellum

## Tafla 28) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2007

Alls voru 56 eða 12,9% þeirra mála sem komu til Stígamóta á árinu, kærð. Tafla 28 sýnir hvað varð um þau mál í dómkerfinu.

|                    | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|----------|
| Málið er í vinnslu | 10     | 2,4%     |
| Málið felld niður  | 16     | 3,8%     |
| Fangelsi           | 6      | 1,4%     |
| Skilorð            | 4      | 1,0%     |
| Sýknaður           | 4      | 1,0%     |
| Málalok óþekkt     | 9      | 2,2%     |

Það skal tekið fram að hlutfall í töflunni miðast við heildarfjölda þeirra mála sem komu til Stígamóta árið 2007.

Hafa verður í huga að Stígamót hafa litlar upplýsingar um það hvað verður um sakamálin eftir að þau eru kærð. En augljóst er að flest þau mál sem til umfjöllunar eru hjá Stígamótum eru ekki með í opinberum tölum um ofbeldi.

## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2007 var heildarfjöldi ofbeldismanna 418 en það er hærri tala en mælt hefur í meira en tíu ár þar á undan. Fjölgun ofbeldismanna frá árinu 2006 nemur 14,5% og er það áhyggjuefni hversu margir ofbeldismennirnir eru. Eins og fram hefur komið eru sumir þeirra mögulega taldir oftar en einu sinni.

## Félagsleg staða ofbeldismanna

### Tafla 29) Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Nei         | 175        | 41,9%       |
| Já          | 94         | 22,5%       |
| Stundum     | 62         | 14,8%       |
| Ekki vitað  | 87         | 20,8%       |
| <b>Alls</b> | <b>418</b> | <b>100%</b> |

Eins og sjá má í töflu 29 var minnihluti ofbeldismanna undir áhrifum áfengis/vímuefna þegar ofbeldið var framið. Yfir 40% þeirra voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og tæplega 15% voru það stundum og stundum ekki.

**Tafla 30) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið**

|                    | 2003       | 2004       | 2005       | 2006       | 2007       |     |
|--------------------|------------|------------|------------|------------|------------|-----|
| 1 - 10 ára         | 0,3%       | 0,0%       | 0,0%       | 0,8%       | 0,2%       | 1   |
| 11 - 15 ára        | 7,4%       | 3,6%       | 10,0%      | 6,9%       | 9,6%       | 40  |
| 16 - 18 ára        | 13,9%      | 9,4%       | 12,7%      | 8,5%       | 11,0%      | 46  |
| 19 - 29 ára        | 37,3%      | 36,2%      | 35,1%      | 29,0%      | 29,0%      | 121 |
| 30 - 39 ára        | 22,8%      | 16,3%      | 21,4%      | 24,0%      | 15,8%      | 66  |
| 40 - 49 ára        | 10,4%      | 14,5%      | 11,4%      | 7,9%       | 10,1%      | 42  |
| 50 - 59 ára        | 2,4%       | 12,3%      | 4,0%       | 5,2%       | 7,9%       | 33  |
| 60 ára og eldri    | 0,9%       | 4,0%       | 2,7%       | 2,2%       | 3,1%       | 13  |
| Óvíst              | 4,7%       | 3,6%       | 2,7%       | 15,6%      | 13,4%      | 56  |
| <b>Fjöldi alls</b> | <b>338</b> | <b>276</b> | <b>299</b> | <b>365</b> | <b>418</b> |     |


Tafla 30 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Árið 2007 voru 87 drengir 18 ára eða yngri þegar þeir beittu ofbeldinu eða 20,8%. Þessi tala er hærri en hefur verið undanfarin ár og 4,6% hærri en í fyrra og er það verulegt áhyggjuefni. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa „læknisleiki“ barna. Ofbeldið er ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á „besta“ aldri.

**Tafla 31) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið**

|                      | 2003       | 2004       | 2005       | 2006        | 2007        |     |
|----------------------|------------|------------|------------|-------------|-------------|-----|
| Innan við skólaaldur | ---        | ---        | ---        | 0,3%        | 0,0%        | 0   |
| Í skyldunámi         | 8,0%       | 5,1%       | 10,0%      | 8,0%        | 11,5%       | 48  |
| Í framhaldsskóla     | 14,2%      | 17,0%      | 14,0%      | 3,3%        | 6,2%        | 26  |
| Í háskóla            | 1,2%       | 2,5%       | 0,3%       | 3,3%        | 1,0%        | 4   |
| Í iðnnámi            | ---        | ---        | ---        | 0,9%        | 1,0%        | 4   |
| Lokið skyldunámi     | 25,7%      | 26,1%      | 18,7%      | 16,7%       | 15,1%       | 63  |
| Lokið framhaldsskóla | 26,3%      | 21,4%      | 15,1%      | 5,1%        | 7,9%        | 33  |
| Lokið háskóla        | 3,6%       | 1,8%       | 4,7%       | 6,6%        | 6,0%        | 25  |
| Lokið iðnnámi        | ---        | ---        | ---        | 6,0%        | 4,3%        | 18  |
| Lokið öðru námi      | 3,8%       | 4,3%       | 0,7%       | ---         | 0,0%        | 0   |
| Lauk ekki skyldunámi | 0,0%       | 0,0%       | 0,0%       | 0,3%        | 1,7%        | 7   |
| Óvíst                | 17,2%      | 21,7%      | 36,5%      | 49,9%       | 42,43%      | 186 |
| Annað                | ---        | ---        | ---        | ---         | 1,0%        | 4   |
| <b>Fjöldi alls</b>   | <b>338</b> | <b>276</b> | <b>299</b> | <b>335*</b> | <b>403*</b> |     |

\* Árið 2006 vantaði upplýsingar um 30 ofbeldismenn og árið 2007 vantaði upplýsingar um 15 og því er heildarfjöldi í töflunni lægri en fjöldi ofbeldismanna.

Tafla 31 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi en þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

**Tafla 32) Atvinna ofbeldismann**

Tafla 32 sýnir atvinnu ofbeldismannanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri, hafa mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir koma úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

**Tafla 33) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið**

|                    | Fjöldi     | Hlutfall    |
|--------------------|------------|-------------|
| Einhleyp/ur        | 115        | 27,5%       |
| Gift/ur            | 94         | 22,5%       |
| Í sambúð           | 43         | 10,3%       |
| Fráskilin/n        | 13         | 3,1%        |
| Ekill/ekkja        | 2          | 0,5%        |
| Barn               | 49         | 11,7%       |
| Óvíst/uppl. vantar | 102        | 24,4%       |
| <b>Alls</b>        | <b>418</b> | <b>100%</b> |

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið var framið. Rúmlega 36 % þeirra voru eða höfðu verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

**Tafla 34) Börn ofbeldismanna í dag**


|             | Fjöldi     | Hlutfall    |
|-------------|------------|-------------|
| Nei         | 64         | 15,3%       |
| Já          | 178        | 42,6%       |
| Ekki vitað  | 176        | 42,1%       |
| <b>Alls</b> | <b>418</b> | <b>100%</b> |

Af töflu 34 má sjá að a.m.k. 178 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta árið 2007 eiga börn eða 42,6%. Óvissuþátturinn er þó stór.





# Stigamót



**Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík**

**Símar: 562 6868 og 800 6868**

**Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353**

**Bréfsími: 562 6857**

**Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)**

**Vefsíða: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)**